

og fyrir hvern rúmmetra umfram 400 m <sup>3</sup> .....	kr.	87,59
Hús stærra en 2000 m <sup>3</sup> .....	kr.	241.911
og fyrir hvern rúmmetra umfram 2000 m <sup>3</sup> .....	kr.	70,14
öll gjöld í þessari grein miðast við utanmál húsa. Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er .....	kr.	13.463

Lóðarhafar greiða auk heimtaugargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjavíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er auk ..... kr. 1.004  
í hvert skipti.

#### 7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

#### 8. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

#### 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

#### 10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 420, 5. september 1991.

*Iðnaðarráðuneytinu, 30. desember 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

## GJALDSKRÁ

**um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, Garðabæ.**

#### 1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald.

#### 2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 95.500 á hvert hús.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Taðþróargjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. samþykkt um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ frá árinu 1991 og gildir frá 1. janúar 2004.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 4. desember 2003.*

**Guðjón Erling Friðrikson** bæjarritari.

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

18. gr. orðist svo:

*Próf.*

Próf eru haldin í lok hvors kennslumisseris og í síðustu viku fyrir upphaf haustmisseris. Tímasetning sjúkra- og endurtökuprófa skal ákvörðuð af háskólaráði og birt í almanaki háskólans.

Háskólakennarar standa fyrir námsmati. Próf eru munnleg, skrifleg eða verkleg. Heimilt er að meta ritgerðir, skýrslur o.þ.h. í stað prófs eða sem hluta af námsmati. Stúdentar skulu ná lágmarkseinkunn í öllum hlutum námsmats, nema annað sé tekið fram. Um þetta skal vera samráð á milli deildarforseta og hlutaðeigandi kennara og ákvörðun kunngerð stúdentum eigi síðar en við upphaf kennslu í viðkomandi námskeiði.

Í upphafi kennslutímabils staðfesta stúdentar skráningu í þau námskeið er þeir sækja. Staðfesting á vali gildir sem innritun í próf sem haldið er að námskeiðinu loknu. Þeir sem ekki hafa innritað sig í námskeiðið með framangreindum hætti en hyggjast þreyta próf í viðkomandi grein skulu skrá sig skriflega í próf í síðasta lagi á lokadegi skráningar. Lokadagar skráninga eru ákveðnir af háskólaráði og birtir í almanaki skólans.

Stúdent sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll á prófdegi áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið. Það sama gildir ef stúdent mætir ekki í próf vegna veikinda barns.